

fresti nokkra fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 kr. sekt, er rennur í sveitarsjóð. 97
29. sept.

Ef heilbrigðisnefnd kys heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, er sekur er.

30. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. nóvember 1913.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 29. september 1913.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Eggert Briem.

Reglugjörð

98

29. sept.

um viðauka við reglugjörð fyrir stýrimannaskólann í Reykjavík frá 29. ágúst 1912 og við prófreglugjörð fyrir sama skóla frá 22. mars 1913.

Til þess að geta fengið inntöku í stýrimannaskólann og til þess að geta fengið leyfi til að taka stýrimannapróf — hið meira eða minna — við skólann, verður sjón hlutaðeiganda að vera minst þessi:

Á öðru auga minsta sjón $\frac{6}{9}$.

A hinu auga — — $\frac{6}{24}$.

Ennfremur verður umsækjandi að geta greint grænt ljós frá rauðu í 6 metra fjarlægð frá Gräfes Fotometer með 3. m. m. ljósopi.

Vottorð um skarpleika sjónarinnar skal útgefið af augnlæknum í Reykjavík.

Í stjórnarráði Íslands, 29. sept. 1913.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Eggert Briem.